

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fulltrúa í starfshópum og nefndum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess.

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

1. Í hvaða hópum, nefndum og öðrum sambærilegum samráðsvettvangi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess sitja fulltrúar:
 - a. frjálsra félagasamtaka á neytendasviði á borð við Hagsmunasamtök heimilanna,
 - b. fjármálafyrirtækja og samtaka þeirra á borð við Samtök fjármálafyrirtækja?
2. Hversu margir eru fulltrúarnir í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.